

Mál nr. 101/2013
M og
Vátryggingafélagið V v.kaskótryggingar ökutækis A

Umferðaróhapp, ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu þ. 19.1.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.13.3.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 26.3.2013.

Málsatvik.

M ök A á tré fyrir utan heimili unnusta sins og skemmdist A töluvert. M segist í málskoti hafa orðið fyrir miklu áfalli við þetta og farið inn til unnusta sins og fengið sér áfengi að drekka. M krefst bóta úr kaskótryggingu A vegna tjóns sem varð á A við umræddan atburð. M hafnar því að hún hafi sýnt af sér gáleysi eða verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Samkvæmt lögregluskýrslu bar M að hún hafi farið beint að sofa eftir umrætt atvik, en þar sem grunur var um áfengisneyslu M var henna gert að gefa öndunarpróf og var niðurstaðan jákvæð og var M handtekin vegna gruns um ölvun við akstur og sagðist M hafa drukkið smá bjór en ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til niðurstöðu þvagsýnis sem sýnir 1.19 prómill en niðurstaða blóðsýnis 0,76 prómill áfengisáhrif. V telur því engum vafa undirorpið að M hafi verið undir áhrifum við aksturinn og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. V vísar af þessu tilefni í grein 3.2. vátryggingaskilmála

Álit.

Að virtum gögnum málsins verður ekki annað séð en að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn við akstur A. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.4.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.